



**Reglur Bláskógabyggðar  
um sérstaka íþróttá- og tómslundastyrki  
fyrir börn á tekjulágum heimilum skólaárið 2020-2021**

Með fjárukálögum fyrir árið 2020, sbr. lög nr. 26/2020 og nr. 36/2020, um afmarkaðar og tímabundnar ráðstafanir til að bregðast við áhrifum COVID-19 faraldursins, var samþykkt 600 millj. kr. framlag til sveitarfélaga í því skyni að gera þeim kleift að veita styrki til tekjulágra heimila þannig að öll börn geti óháð efnahag stundað íþróttir og aðrar tómslundir.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar hefur samþykkt reglur vegna úthlutunar styrkjanna, sem eru veittir af sveitarfélögum á grundvelli VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

1. gr.

Fyrir lok skólaárs 2020-2021 skal greiða íþróttá- og tómslundastyrk með börnum fæddum á árunum 2005 til 2014 á tekjulágum heimilum, þ.e. eru með lögheimili á heimili þar sem heildartekjur framfærenda, einstaklings, hjóna eða sambúðarfólks, voru að meðaltali lægri en 740.000 kr. á mánuði á tímabilinu mars til júlí 2020.

Styrk skal greiða vegna útlagðs kostnaðar við íþróttá- og tómslundastarf á skólaárinu 2020-2021, allt að 45.000 kr. fyrir hvert barn.

2. gr.

Íþróttá- og tómslundastyrk skal greiða samkvæmt umsókn. Umsókn skal berast fyrir 1. mars 2021 og miða skal við að íþróttá- og tómslundaiðkunin fari fram á skólaárinu 2020-2021.

Umsækjandi sendir beiðni um rafræna gátt hjá Ísland.is. Þar fær hann sjálfvirka niðurstöðu um hvort hann uppfylli tekjuviðmið skv. 1. gr. reglnanna. Ef umsækjandi uppfyllir tekjuviðmið fer sú niðurstaða sjálfvirk til sveitarfélags. Þegar sjálfvirk niðurstaða liggur fyrir skilar umsækjandi umsókn um styrkinn og gögnum sem sýna fram á útlagðan kostnað við íþróttá- og tómslundastarf barnsins á skólaárinu 2020-2021. Sveitarfélag tekur í kjölfarið ákvörðun um úthlutun styrks.

3. gr.

Um málsmeðferð, þ.m.t. kærheimild, fer samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Reykholti, 14. október 2020

Ásta Stefánsdóttir,  
sveitarstjóri